

Til Nefndasviðs Alþingis

144. löggjafarþing 2014–2015.

Þingskjal 608 — 411. mál.

Undirritaðir formenn Golffélaga á Austurlandi, leggja til breytingu á 2. Gr. Frumvarps til laga nr. 50/1988

Greinargerð með tillögu um breytingar:

Ekki verður séð af texta 2. Gr. frumvarpsins að gert sé ráð fyrir því að endurgreiddur verði virðisaukaskattur af vélum sem keyptar eru til að viðhalda íþróttamannvirkjum. Bendum á að vélakaup (slátturvélar, sáningarvélar, gatarar, áburðardreifingar o.fl) er mjög stór þáttur í stofnkostnaði golffélaga og til að viðhalda kjarnastarfsemi íþróttarinnar.

Þar sem um ákveðna upptalningu er að ræða í textanum þá óskum við eftir því að bætt verði við textann endurgreiðslu vegna vélakaupa.

Að öðru leiti er um mikið framfaraskref fyrir íþróttahreyfinguna að ræða og vonumst við eftir því að þetta frumvarp nái fram að ganga.

2. gr.


Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. janúar 2015 til 1. janúar 2016 skal endurgreiða íþrótt- og ungmennafélögum 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið af vinnu manna við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhald við íþróttamannvirki, af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með nýbyggingu, endurbyggingu eða viðhalds þess háttar húsnæðis, sem og af efniskaupum til slíkra framkvæmda og af kaupum á vélum og búnaði til viðhalds íþróttamannvirkja og kjarnastarfsemi íþróttafélaga. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti.


Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Samþykkt á fundi forsvarsmanna Golffélaga á Austurlandi.


Reyðarfirði 11. Mars 2015




Golfklúbbur Fjarðabyggðar, Reyðarfirði




Golfklúbbur Byggðarholts, Eskifirði



Golfklúbbur Norðfjarðar, Neskaupstað



Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs, Egilsstöðum



Golfklúbbur Seyðisfjarðar, Seyðisfirði

Samrit sent Gólf sambandi Íslands